

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 390/1974 um sölu og meðferð
ávana- og fíkniefna.****1. gr.**

Við lista B á fylgiskjali I (efni, sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og eru jafnframt eftirritunarskyld) bættist.

B. 22 Carisoprodolum INN.

Efni merkt B. 22 verði B. 23. o. s. frv.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 11. september 1979.

Magnús H. Magnússon.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um heimilishjálp á Bíldudal.****1. gr.**

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gildar, að hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

2. gr.

Heimilisþjónusta felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum, sem þarfnast umönnunar.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem gúa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps ber að ganga úr skugga um að starfsfólk það, sem heimilishjálpinu stundar hverju sinni á vegum hreppsins sé hæft til starfsins og gefi því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.